

**Sp.**

### **534. Tillaga til þingsályktunar**

um að tryggja vetrarleið eftir Aðaldal í Þingeyjarsýslu fyrir hlaupum úr Laxá.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að nota af viðhaldsfé þjóðvega 1947 nægilega fjárhæð til að tryggja vetrarleiðina um Aðaldal fyrir hlaupum úr Laxá.

#### **Greinargerð.**

Um nokkur undanfarin ár hefur Laxá í Þingeyjarsýslu stíflazt um lengri eða skemmri tíma í miklum frostum og hlaupið yfir þjóðveginn á hálf km svæði og síðan horfið í hraunið nokkru vestar. Þegar þetta kemur fyrir, má kalla, að tekið sé fyrir alla flutninga milli Húsavíkur og uppsveita Þingeyjarsýslu austan Ljósavatns-skarðs. Nú í vetur hefur þetta flóð staðið í meira en mánuð. Póstferðir milli Húsavíkur og austursveita Þingeyjarsýslu hafa lagzt niður á þessu tímabili, hvað þá þunga vöruflytningar. Stöðvun af þessu tagi er fyrir Þingeyjarsýslu svipuð og lokun Ölfusárbrúarinnar vikum eða mánuðum saman mundi vera fyrir Suðurland. Vegamálastjóri reyndi að láta sprengja rásir í klakastífluna með dynamit, en það bar ekki árangur. Flóðið er svo djúpt á þjóðveginum, að hann er með öllu ófær, þar til áin hverfur aftur í farveg sinn. Virðist tæplega um annað að ræða en leggja á sumri komanda vetrarveg yfir hraunið, utar en það láglandi, sem Laxá flæðir nú yfir. Kaupfélag Þingeyinga hefur mestra hagsmuna að gæta um vöruflytninga á þessum vegi. Hefur það auk þess í smíðum mjólkurbú, sem á að geta tekið til starfa í sumar. Mundi megnið af mjólkursendingum til Húsavíkur verða flutt eftir þeim vegi, sem nú er tepptur. Lét kaupfélagið gera bráðabirgðaáætlun um vetrarveg á þessum kafla, og er hún á þessa leið:

„Karl Knútsstöðum og Jón Jarlsstöðum mældu í dag breidd Laxáflóðsins á þjóðveginum telja hana ca. 600 m stop nægilegan hjáveg telja þeir þurfa vera ca. 700 m álíta ódýrari nýbyggingu hans en hækkun gamla vegarins svo dugi.“

Þar sem hér verður um töluverð útgjöld að ræða, er farið fram á, að Alþingi heimili að greiða þennan kostnað af viðhaldsfé þjóðvega.